

## Tillaga til lagabreytinga

– Fjölgun í Pepsi Max deild karla –

### Grein 33 í lögum KSÍ

#### **Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki breytingar á grein 33.1. í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **grænmerkt**.

Eftirfarandi breyting er lögð til á grein 33.1.:

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, efsta deild skal skipuð ~~14~~12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

#### **Ákvæði til bráðabirgða 2020**

Efsta deild karla skal skipuð 12 liðum árið 2020. Efsta deild karla skal skipuð 14 liðum árið 2021.

Í efstu deild karla árið 2021 leika 14 lið – þau lið sem hafna í 1.-11. sæti í efstu deild karla 2020 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 1. deild karla 2020.

Í 1. deild karla árið 2021 leika 12 lið – þau lið sem hafnar í 12. sæti í efstu deild karla 2020, þau lið sem hafna í 4.-11. sæti í 1. deild karla 2020 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 2. deild karla 2020.

Í 2. deild karla árið 2021 leika 12 lið – þau lið sem hafnar í 12. sæti í 1. deild karla 2020, þau lið sem hafna í 4.-11. sæti í 2. deild karla 2020 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 3. deild karla 2020.

Í 3. deild karla árið 2021 leika 12 lið – þau lið sem hafnar í 12. sæti í 2. deild karla 2020, þau lið sem hafna í 4.-11. sæti í 3. deild karla 2020 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 4. deild karla 2020.

Í 4. deild karla árið 2021 leika þau lið, sem ekki eiga sæti í fjórum efstu deildunum.

#### **Greinargerð**

Lagt er til að liðum í efstu deild karla fjölgi úr 12 í 14 lið keppnistímabilið 2021. Keppnistímabilið 2020 fellur aðeins eitt lið úr efstu deild karla. Úr 1.- 4. deild karla fara þrjú lið upp úr hverri deild og eitt lið fellur úr hverri deild (sjá nánar í Viðauka I). Þetta fyrirkomulag er fyrst og fremst hugsað til þess að fleiri ungir íslenskir leikmenn fái tækifæri til að spila í meistaraflokki og fái þannig meiri spiltíma. Myndi það efla íslenska knattspyrnu til framtíðar. Samhliða myndu þannig fleiri leikmenn fá betri leiki.

Félög á landinu, í 1.-4. deild, fá aukið svigrúm til endurskipulagningar á sínum rekstri í ljósi þess að færri lið falla milli deilda en áður. Í ljósi erfiðs rekstrarumhverfis, og fyrirsjáanlegu framhaldi á því, er mikilvægt að félögin fái tækifæri til að skoða rekstur sinn og stefnur. Samhliða því munu fleiri félög eiga möguleika á því að klífa upp milli deilda og komast þannig í auknar tekjur. Slíkt myndi leiða af sér betri og faglegri umgjörð sem er félögum til mikilla hagsbóta.

ÍA

Viðauki I

## Tillaga að fjölgun liða í Pepsi Max karla árið 2021

Með þessari tillögu er markmið okkar hjá Knattspyrnufélagi ÍA að efla íslenska knattspyrnu í heild sinni.

### Útfærsla tillögu

- Árið 2021 yrði Pepsi Max 14 liða deild
  - Áfram tvöföld umferð með sama leikjafyrirkomulagi.
  - Það þýðir 4 auka leikir sem yrðu allir spilaðir í apríl.
- Í 2., 3. og 4. deild karla yrði óbreytt leikjafyrirkomulag

	Fjöldi liða 2020	Falla 2020	Fara upp 2020		Fjöldi liða 2021
Pepsi	12	1	0	Pepsi	14
1.deild	12	1	3	1.deild	12
2.deild	12	1	3	2.deild	12
3.deild	12	1	3	3.deild	12
4.deild	Riðlar	0	3	4.deild	Riðlar

### Fyrirsjáanlegir kostir tillögunnar

Þetta fyrirkomulag er fyrst og fremst hugsað til þess að fleiri ungir íslenskir leikmenn fái tækifæri til að spila í meistaraflokki og fái þannig meiri spiltíma. Myndi það efla íslenska knattspyrnu til framtíðar. Samhliða myndu þannig fleiri leikmenn fá betri leiki.

Félög á landinu, í 1.-4. deild, fá aukið svigrúm til endurskipulagningar á sínum rekstri í ljósi þess að færri lið falla milli deilda en áður. Í ljósi erfiðs rekstrarumhverfis, og fyrirsjáanlegu framhaldi á því, er mikilvægt að félögin fái tækifæri til að skoða rekstur sinn og stefnur.

Samhliða því munu fleiri félög eiga möguleika á því að klífa upp milli deilda og komast þannig í auknar tekjur. Slíkt myndi leiða af sér betri og faglegri umgjörð sem er félögum til mikilla hagsbóta.

Ef einhverjar spurningar vakna eða þið sjáið fram á að ykkar félag vilji styðja þessa tillögu hvetjum við áhugasama til að hafa samband við okkur Skagamenn á skrifstofu félagsins í síma 431-1109 og 6916800 eða senda tölvupóst á netfangið [kfia@kfia.ia](mailto:kfia@kfia.ia)